

## Frumvarp til laga

um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (hagkvæmar íbúðir).

(Eftir 2. umræðu, 12. des.)

1. gr.

Á eftir 39. gr. laganna kemur ný grein, 39. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Heimild til að skilyrða hluta af heildarfermetrafjölda íbúða.*

Sveitarfélögum er heimilt að gera kröfu um það við gerð deiliskipulags fyrir ný íbúðar-  
svæði að allt að 25% af heildarfermetrafjölda íbúða innan skipulagssvæðis verði fyrir íbúðir  
sem falla undir lög um almennar íbúðir og íbúðir sem falla undir VI. kafla A og VIII. kafla  
laga um húsnæðismál, nr. 44/1998. Á heimildin við hvort sem eigandi lands er sveitarfélag,  
ríki eða einkaaðili.

2. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði 39. gr. a skal sæta endurskoðun þar sem horft skal til þess hvort og hvernig  
heimildin hefur verið nýtt af sveitarfélögum. Skal ráðherra skila Alþingi skýrslu um endur-  
skoðunina eigi síðar en 1. febrúar 2027.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.